

Reykjavík, 5. maí 2020.

Pórólfur Guðnason, sóttvarnarlæknir

STARFSEMI HEILSURÆKTARSTÖÐVA Á TÍMUM COVID-19

Sæll Pórólfur,

Fyrir hönd undirritaðra, forsvarsmanna heilsuræktarstöðva sendum við þér erindi okkar er varðar áhrif Covid-19 á okkar starfsemi. Um er að ræða 13 fyrirtæki sem eru vinnuveitendur um 960 starfsmanna með samtals u.þ.b. 86.000 iðkendur.

Við gerum okkur grein fyrir okkar samfélagslegu skyldum á þessum óvenjulegu tímum. Höfum vitaskuld fúslega farið eftir öllum fyrirmælum sóttvarnarteymis og lagt okkar að mörkum eins og kostur er og kvörtum ekki yfir því.

Vert er ennfremur að hrósa fyrir framúrskarandi frammistöðu ykkar, sóttvarnarteymis og Almannavarna undanfarnar vikur og mánuði. Einstaklega ábyrgt og traustvekjandi utanumhald á afar flóknu, krefjandi og fordæmalausu verkefni sem hefur að því er virðist tekist einstaklega vel, svo eftir er tekið um heim allan, enda lítið um smit í okkar samfélagi í dag.

Við viljum með bréfi þessu koma á framfæri áhyggjum sem við deilum öll af þeirri stöðu og óvissu er heilsuræktarstöðvar standa frammi fyrir.

1. Starfsemi okkar hefur verið gert að loka í 6 vikur með tilheyrandi fjárhagstjóni og ekki er vitað hvenær okkur er heimilt að opna á ný. Okkur liggur á að komast úr óvissunni hið fyrsta svo við getum gert okkar áætlanir varðandi opnun og reynt að lágmarka það tjón sem við höfum orðið fyrir og ekki sér fyrir endann á. Að okkar mati er einnig mikilvægt að eyða óvissu allra þeirra starfsmanna sem hjá okkur starfa og hafa engin svör fengið.
2. Kynnt var í fréttum gærdagsins að til stendur að opna sundstaði þann 18. maí en ekki heilsuræktarstöðvar, en áður hafði verið gefið til kynna að sund- og heilsuræktarstöðvum yrði heimilt að opna á sama tíma líkt og var þegar umræddum stöðum var gert að loka. Því til viðbótar var gefið út að aflétting takmarkana væri fyrirhuguð í öfugri röð við það hvenær þær voru settar á. Væntingar okkar voru því þær að okkur yrði heimilt að opna í fyrsta áfanga afléttinga. Við köllum eftir skýringum á því hversvegna heilsuræktarstöðum er fyrirskipað að hafa áfram lokað. Við getum fært ýmis rök fyrir því að við getum haldið okkar starfsemi innan 50 manna fjöldatakmærkanna. T.d. með eftirfarandi:
 - a. Auðvelt er að fylgjast með því að ekki séu fleiri en 50 manns inni í hverju rými heilsuræktarstöðvanna. Stöðvarnar eru hólfaðar niður í marga sali og rými.
 - b. Einfalt er að framfylgja sóttvarnartilmælum með verulega auknum þrifum og greiðum aðgangi að sótthreinsiefnum fyrir viðskiptavini, bæði fyrir hendur og áhöld, í öllum rýmum.
 - c. Við getum gert þá kröfu til okkar viðskiptavina að þeir komi með eigin dýnur, handklæði og annan búnað, ef þeir ætla sér að taka þátt í hóptímum.

Landsmönnum er nú heimilt að fara í stóru matvöruverslanirnar með öllum þeim snertiflötum sem þar eru, fara í fataverslanir, máta fatnað, skó o.s.frv. fara á hárgreiðslustofur, snyrtistofur, til tannlæknis, sjúkrahjálfara, nuddstofur o.fl. með þeirri nánun snertingu sem því fylgir og fljótlega, fara í sund, búningsklefann og heitu pottana. Í hverju liggur munurinn með tilliti til sóttvarna?

- 3 Ennfremur viljum við vekja máls á 2 metra reglunni, en fram kom í máli þínu í Kastljósi í gærkvöldi að þú sæir fyrir þér að 2 metra reglan yrði í gildi út þetta ár.
Heilsuræktarstöðvarnar eru ekki einu fyrirtækin sem munu verða fyrir miklum tekjubresti ef það nær fram að ganga. Fyrir okkur myndi það breyta mjög miklu ef 2 metra reglan yrði aflögð í sumar eða færi fljótlega niður í 1 metra reglu líkt og hefur nú verið tilkynnt t.d. í Noregi. Sem dæmi hafa sumar þjóðir miðað við 1 metra reglu í gegnum allan faraldurstímamann eins og þér er væntanlega kunnugt um. Hægt væri t.d. að nefna nýja fjarlægðarreglu, **heilsufjarlægð**.
- 4 Að lokum þykir okkur mikilvægt að minna á að heilsuræktarstöðvar gegna gríðar mikilvægu hlutverki er kemur að lýðheilsu landsmanna og líklega hefur fólk sjaldan verið meðvitaðra um hve mikilvægt er að stunda heilsurækt til að auka hreysti og efla þannig ónæmiskerfi líkamans. Regluleg þjálfun og hollar neysluvenjur eru að okkar mati lykilþættir í baráttunni við Covid-19. Okkar sannfæring er að heilsuræktarstöðvar munu gegna stærra hlutverki en áður, þegar landið rís á ný og lífið færast í eðlilegt horf. Við þurfum að vera klár á því að okkar fyrirtæki standi sterk og verði tilbúin til að taka á móti landsmönnum sem munu þarfnast okkar þjónustu sem aldrei fyrr.
Við höfum séð það og reynt á þeim tveimur vikum sem við störfuðum með 100 manna fjöldatakmörkun að fólk er vel treystandi til að gæta sín, sóttgreinsa tæki, dýnur, hendur o.s.frv. Mikilvægast er að fólk geti stundað sína heilsurækt eins og það kys, en því miður virðist sem margir hafa lifað kyrrsetulífi s.l. vikur og lagt stund á óheilbrigða neysluhætti.

Við óskum vinsamlegast eftir að fá fund með þér sem allra fyrst til að ræða ofangreint o.fl. sem máli skiptir í þessu efni, við höfum ýmislegt til málanna að leggja.

Með vinsemd,

F.h. eftirfarandi heilsuræktarstöðva:

Boot Camp
Cross Fit Reykjavík
Cross Fit Sport
Cross Fit Suðurnes
Hreyfing
Hress
Hressó
Reebok Fitness
Sólir
Sporthúsið
Yoga Shala
Yoga og heilsa
World Class